Safnaðartíðindi
Seljasóknar
33. ÁRG. 3. TBL. Aðventa 2012

Kirkjan okkar í vetrarbúningi

Njótum aðventunnar á 25 ára vígsluafmæli

Aðventan er sá tími þar sem okkur er ætlað að undirbúa hug og hjörtu fyrir komandi jólahátíð. Tímanum fylgja margar góðar hefðir og við eigum sannarlega okkar fastar og góðar venjur í kirkjunni okkar á þessum árstíma. Sameiginlegar stundir alla helga daga aðventunnar sem eru til þess fallnar að minna okkur á komu frelsarans í þennan heim.

Í ár eru fleiri tilefni til að gleðjast. Þriðja sunnudag í aðventu fögnum við aldarfjórðungsafmæli kirkjunnar okkar. Seljakirkja hefur reynst vel sem athvarf og griðarstaður bæði í gleði og í sorg. Alla daga vikunnar fer þar fram starfsemi fyrir unga sem aldna. Markmið starfsins er alltaf að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Það er ekki síst mikilvægt nú á aðventunni að hlýða á boðskap frelsarans. Komum því til kirkjunnar og njótum alls þess sem þar fer fram.

Ólafur Jóhann Borgþórsson

Kynnið ykkur aðventudagskrá Seljakirkju á baksíðu

Vegleg afmælisdagskrá

- þriðja sunnudag í aðventu, 16. desember

Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu fagnar Seljasöfnuður 25 ára vígsluafmæli kirkjunnar sinnar þriðja sunnudag í aðventu. Það er viðeigandi að minnast þessara tímamóta með fjölbreyttri dagskrá og verður því ýmislegt gert til hátíðarbrigða þennan dag. Að venju verður barnaguðsþjónusta kl. 11 með hefðbundnum söng, biblíusögu og bænagjörð. Auk þess mun Lúðrasveit Austurbæjar spila undir stjórn Vilborgar Jónsdóttur.

Hátíðarguðsþjónusta verður í kirkjunni kl. 14. Þar munu prestar kirkjunnar þjóna, barnakór Seljakirkju kemur fram undir stjórn Rósalindar Gísladóttur og Kór Seljakirkju undir stjórn organistans Tómasar Guðna Eggertssonar.

Þann sama dag verður svo boðið til árlegra aðventutónleika og að venju er það Karlakórinn Fóstbræður sem syngur. Um þá tónleika er nánar fjallað hér að neðan.

Aðventutónleikar Fóstbræðra

- sunnudaginn 16. desember kl. 17

Karlakórinn Fóstbræður þarf ekki að kynna. Glæsilegri karlakóratónlist getur varla. Á hverri aðventu koma þeir til kirkjunnar okkar og bjóða upp á aðventu- og jólatónlist eins og hún verður best í réttu umhverfi. Þeir félagar eru hressir og færast mikið í fang. Það er frábært að njóta þess og góður undirbúninugur jólanna.

Söngstjóri Fóstbræðra er Árni Harðarson, einsöngvari á tónleikunum er Rósalind Gísladóttir og undirleikinn annast Tómas Guðni Eggertsson, organisti Seljakirkju. Tónleikarnir eru hluti af afmælishátíð kirkjunnar og verða 16. desember kl. 17. Ókeypis aðgangur er að tónleikunum.

Elvis gospelmessa

- með Bjarna Ara og félögum - 9. des kl. 20

Bjarni Arason er einn þekktasti dægurlagasöngvari landsins. Undanfarin misseri hefur hann vakið athygli fyrir frábæran flutning og útsetningu á trúarlegum söngvum rokkkóngsins Elvis Presley. Hefur Bjarni ásamt félögum staðið fyrir fjölda tónleika þar sem þessir söngvar hafa verið í fyrirrúmi, þar hafa færri komist að en vilja. Þann 9. desember n.k. ætlar Bjarni, ásamt félögum að leiða tónlistina í kvöldguðsþjónustu í Seljakirkju þar sem þessir söngvar Presley verða áberandi.

Guðsþjónustan hefst kl. 20 og eru allir hjartanlega velkomnir. Hægt verður að kaupa nýútgefinn geisladisk með tónlistinni að lokinni athöfn.

Við þökkum stuðninginn

Landsvirkjun

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Fréttir

Fermingabörn söfnuðu fyrir vatni

Í nóvembermánuði söfnuðu fermingarbörn í Seljakirkju peningum fyrir Hjálparstarf kirkjunnar. Gengu þau hús úr húsi í hverfinu og fengu víðast hvar góðar móttökur því alls söfnuðust tæpar 225 þúsund krónur. Þessir fjármunir verða nýttir til uppbyggingar á vatnsbrunnum í Afríkuríkjunum Malaví, Úganda og Eþíópíu.

Foreldramorgnar halda áfram

Í safnaðartíðindunum sem komu út sl. haust var sagt frá því að leggja þyrfti niður starfsemi foreldramorgna í Seljakirkju vegna niðurskurðar.

Í kjölfar þeirra frétta komu tvær mæður til kirkjunnar og buðu fram starfskrafta sína og hafa þær síðan séð um þessa vikulegu morgna í sjálfboðavinnu. Foreldramorgnarnir eru alla þriðjudaga á milli kl. 10 - 12 og er einkum ætlaðir foreldrum ungra barna og er dagskráin sérstaklega sniðin að þeim, m.a. hefur hjúkrunfræðingur kennt ungbarna-skyndihjálp og ýmsar upplýsandi kynningar farið fram.

Jólakort Seljakirkju

Sem fyrr selur kirkjan jólakort til styrktar safnaðarstarfinu. Hægt er að kaupa jólakortin í verslunum í hverfinu auk þess sem þau eru til sölu í kirkjunni. Kortin bera mynd af kirkjunni og kosta 8 kort 500 kr.

Sr. Valgeir Ástráðsson:

Vígsluafmæli Seljakirkju

Nú á aðventu eru 25 ár síðan Seljakirkja var vígð, 13. desember árið 1987. Aldarfjórðungur er að vísu ekki langur tími á húsi sem ætlað er kynslóðum. En það eru þó tímamót sem vert er að minnast og þakka.

Seljakirkja hefur þann aldarfjórðung verið hverfismiðja í öllum skilningi. Gætu veggir hennar talað myndu þeir margt segja um líf fólksins í hverfinu, gleði og fögnuð, reynslu og sorgir sem aðeins var hægt að takast á við í kirkjunni sinni. Sumt af því munum við sem höfum fengið að starfa í Seljakirkju, enn fleira er geymt í hugum fjölmargra einstaklinga, sem hafa eignast þá reynslu að Guð var nálægt og að það skipti máli.

Þegar Seljasókn var stofnsett árið 1980 og formlegt kirkjustarf hófst í hverfinu má segja að þar hafi hvergi verið aðstaða til samkomuhalds. Starf safnaðarins varð þó fljótt blómlegt. Mest fór það fram í skólum hverfisins, þar sem stjórnendur ásamt starfsfólki sýndu mikinn áhuga á kirkjustarfinu og studdu það á allan hátt. Guðsþjónustur voru haldnar við knappar aðstæður. Margar kirkjulegar athafnir, eins og hjónavígslur, útfarir, - að ekki sé minnst á fermingarguðsþjónustur, fóru fram í flestum kirkjum borgarinnar. Þar sýndu aðrir söfnuðir mikla lipurð og gestrisni við okkar kirkjulausa söfnuð.

Á fyrsta ári Seljasafnaðar var hafist handa um undirbúning kirkjubyggingar. Kirkjubyggingarnefnd starfaði ötullega og kynnti starf sitt jafnóðum. Ákveðið var að byggja kirkjumiðstöð, þar sem væri stór kirkjusalur til helgihalds og auk þess aðstöðu fjölbreytts safnaðarstarfs. Þar skyldi margt geta farið fram samtímis og þannig að kirkjumiðstöðin myndi nýtast sem best til þjónustu við söfnuðinn.

Byggingarframkvæmdir á kirkjulóðinni hófust árið 1983. Verkefnið var stórt og söfnuðurinn án nokkurra fjármuna. Kirkjubyggingar eru ekki kostaðar eða styrktar, síst af hinu opinbera, þótt sumir haldi að svo sé. Allur kostnaður við kirkjubygginguna var á herðum safnaðarfólks. En bjartsýnin var ómæld. Þar fylgdi samstaða allra. Það var mikið verk að koma kirkjunni upp fyrir okkur sem í framkvæmdunum stóðu. En það var skemmtilegt verk. Einstaka raddir, mjög fáar þó, heyrðust þegar farið var af stað, um að ekki væri þörf fyrir kirkju. Þær raddir hafa ekki heyrst í áratugi enda hefur margfaldlega sannast hið gagnstæða. Það dýrmætasta í lífinu verður oft ekki séð fyrr en í ljósi reynslunnar.

Söfnuðurinn vann það afrek að byggja kirkju. Hún er því sameiginleg eign fólksins í hverfinu, sem við megum gleðjast yfir og njóta. En eins og í öllu öðru því besta í lífinu, fylgir því ábyrgð að eiga kirkjuna sína. Þar ber öllum að leggja sitt fram til viðhalds og möguleika til starfs. Eigi kirkjan að vera til staðar þegar við þurfum á henni að halda er mikilvægt að að allir eigendur hennar fylgist með og sinni því af trúmennsku. Ábyrgð okkar allra er þó mest fólgin í því að bera umhyggju fyrir starfinu með því að taka þátt í því. Leggja þar sitt fram með bæn og trú. Hver guðsþjónusta er til þess ætluð að fólk komi saman og biðji hvert fyrir öðru, fjölskyldu sinni og öllu fólki. Til þess eigum við kirkju og eigum þá líka tækifærið til að nota hana okkur til blessunar.

Við íbúar Seljahverfis höfum fengið að njóta kirkjunnar okkar í aldarfjórðung. Það er mikið þakkarefni sem við skyldum sýna í verki. Það er okkur sjálfum til góðs og mikil nauðsyn. Trúin á Jesúm Krist, sem við treystum til að vera leiðtoga lífs okkar, er sá grunnur sem reynst hefur best. Það skyldum við meta, líka án þess að eitthvað alvarlegt þurfi til að minna okkur á þá staðreynd að trúin er mikilvægur þáttur lífsins.

Þökkum því Guði fyrir kirkjuna okkar, eflum starfið þar, eflum trúna í lífi okkar og fjölskyldna okkar. Það verður okkur til góðs. Hún er góð bænin úr sálmabókinni sem segir:

Í kirkju þína kenn þú mér
að koma Drottinn sem mér ber,
svo hvert sinn er ég héðan fer,
ég handgengnari verði þér.

(Sb.219, Bj. Halld.)

Svipmyndir úr starfinu

Aðventudagskrá í Seljakirkju 2012

2. desember — 1. sunnudagur í aðventu

kl. 11 Barnaguðsþjónusta

kl. 14 Guðsþjónusta
Sr. Eiríkur Jóhannsson prédikar

kl. 20 Aðventukvöld
Fjölbreytt aðventudagskrá:
Kirkjukórinn syngur undir stjórn Tómasar G. Eggertssonar.
Seljur, kór kvenfélagsins, syngja undir stjórn Svövu Ingólfsd.
Barnakór Seljakirkju syngur undir stjórn Rósalindar Gíslad.
Emilía Björg Óskarsdóttir syngur einsöng.
Hljómsveit annast undirleik.
Hugvekju flytur sr. Eiríkur Jóhannsson
Jólasaga lesin
Félagar úr Æskulýðsfélagi Seljakirkju flytja leikþátt

4. desember

kl. 19.30 Jólafundur Kvenfélags Seljasóknar
Aðventudagskrá
Hugvekju flytur sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Upplestur, Seljurnar syngja, hátíðarmatur og jólapakkar.
Þátttaka tilkynnist til stjórnarkvenna

9. desember — 2. sunnudagur í aðventu

kl. 11 Barnaguðsþjónusta

kl. 14 Guðsþjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

kl. 20 Elvis - gospelmessa
Bjarni Arason og félagar munu sjá um tónlistina.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson þjónar fyrir altari.

16. desember — 3. sunnudagur í aðventu

kl. 11 Barnaguðsþjónusta
Lúðrasveit Austurbæjar leikur, stjórnandi: Vilborg Jónsdóttir.

kl. 14 Hátíðarguðsþjónusta í tilefni af 25 ára vígsluafmæli kirkjunnar.
Prestar kirkjunnar þjóna fyrir altari.
Barnakór Seljakirkju syngur undir stjórn Rósalindar Gíslad.

kl. 17 Aðventutónleikar Karlakórsins Fóstbræðra
Stjórnandi: Árni Harðarson
Einsöngur: Rósalind Gísladóttir
Undirleikur: Tómas Guðni Eggertsson
Sr. Valgeir Ástráðsson flytur hugvekju.

.

23. desember — 4. sunnudagur í aðventu

kl. 11 Barnaguðsþjónusta

kl. 14 Guðsþjónusta
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

Kór Seljakirkju leiðir söng við guðsþjónusturnar
Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Slá þú hjartans hörpu strengi,
hrær hvern streng sem ómað fær.
Hljómi skært og hljómi lengi
hósíanna nær og fjær.
Hvert þitt innsta æðarslag
ómi' af gleði þennan dag.
Konungurinn konunganna
kemur nú til sinna manna.

Ríki hans um allar álfur
ómælanda geimsins nær.
Hásætið er himinn sjálfur,
hallarprýði sólin skær,
fótskör hans hin fagra jörð,
fylgdin hans er englahjörð.
Skrúða ljóssins skrýddur er hann,
skíra lífsins krónu ber hann.

Hann, þótt æðst í hátign ljómi,
hógvær kemur alls staðar.
Hjarta þitt að helgidómi
hann vill gjöra' og búa þar.
Opna glaður hjartans hús,
hýs hinn tigna gestinn fús.
Getur nokkuð glatt þig fremur:
Guð þinn sjálfur til þín kemur?

Líknarár hann enn þá gefur,
ár, sem háð ei breyting er,
ár, er sumar ávallt hefur,
ávöxt lífs að færa þér.
Vetur, sumar, vor og haust
votti þakkir endalaust
konunginum konunganna,
krýndum vegsemd. Hósíanna.

Valdimar Briem - sb. 57

Safnaðartíðindi Seljasóknar
33. árg. 3. tbl. Aðventa 2012
Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.